

Nd.

112. Frumvarp til laga

[67. mál]

um breyting á lögum nr. 33, 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

10. gr. 2. mgr. orðist svo:

Lög þessi skulu ekki breyta þeim gjöldum til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat og falla í gjalddaga fyrir 31. desember 1958. Haldast skulu þó samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem staðfestar kunna að hafa verið eftir gildistöku hins nýja mats.

Millimat, sem staðfest hefur verið eftir 30. apríl 1957, skal samræmt hinu eldra fasteignamati, áður en gjöld til sveitarsjóða, sem falla í gjalddaga fyrir 31. desember 1958, eru við það miðuð.

Sveitarstjórnir skulu fyrir 1. janúar 1959 endurskoða samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár um álagningu opinberra gjalda, sem miðuð eru við fasteignamat og leita staðfestingar á þeim í stjórnarráðinu, sbr. þó niðurlag 3. gr. laga nr. 67, 12. apríl 1945, ella verða gjöld þessi ekki kræf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög nr. 29, 4. febrúar 1952, um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða, falla úr gildi 31. desember 1958.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt, og lög nr. 39 16. maí 1957, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum nr. 33 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna, ákvað fjármálaráðherra, að hið nýja samræmda mat gengi í gildi 1. maí 1957. Samkvæmt orðalagi 10. gr. 2. mgr. laganna féllu þann dag úr gildi lög nr. 29, 4. febrúar 1952, um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða. Þenna sama dag féllu einnig úr gildi allar reglugerðir um vatnsskatta, lóðargjöld, holræsagjöld og e. t. v. fleiri gjöld, sem miðuð eru við fasteignamat. Í sumum þessara reglugerða mun vera ákveðið, að gjalddagar skattanna skuli vera hinir sömu og gjalddagar annarra sveitarsjóðsgjalda. Má því gera ráð fyrir, að einhver hluti þessara gjalda verði nú á þessu ári eigi innheimtur með löglegum hætti, en sú mun þó ekki hafa verið tilætlun löggjafans. Það er því óhjákvæmilegt að breyta nefndri 10. gr. 2. mgr. nú þegar, til þess að koma í veg fyrir að sveitarfélög verði fyrir tekjuskerðingu, sem þau hafa áreiðanlega ekki verið viðbúin að mæta.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að lögin um samræmingu á mati fasteigna breyti ekki opinberum gjöldum, sem miðuð eru við fasteignamat og falla í gjalddaga 31. desember 1958. Hins vegar verði gjöld þessi frá þessum tíma miðuð við hið nýja mat, þó þannig, að það leiði eigi sjálfkrafa til hækkunar á þessum gjöldum. Er því lagt til, að sveitarstjórnir endurskoði samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár um álagningu gjalda, sem miðuð eru við fasteignamat, og leiti staðfestingar á þeim hjá stjórnarráðinu, eða hjá sýslunefndum, ef um er að ræða fasteignaskatta til hreppa, sbr. lög nr. 67/1945, sjá 3. gr. i. f.

Tiltölulega fá sveitarfélög hafa notað sér heimild laga nr. 29/1952, svo að rétt þykir að leggja til, að þau lög verði nú afdnum, enda fá þessi sveitarfélög frá 1. janúar 1959 möguleika til að fá verulegan hluta þess álags vegna hækkunar matsins.

Lög nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt, eru algjörlega þýðingarlaus lög eins og þau eru nú orðin eftir breytingu þá, sem á þeim var gerð með lögum nr. 39/1957. Heimild fyrir sveitarfélög til þess að leggja á fasteignaskatt er til í lögum nr. 67 1945, sem veita rýmri heimild en þá, sem veitt er með lögum frá 1921, sbr. lög 39/1957. Að öðru leyti eru ákvæði laganna frá 1945 í samræmi við lögin frá 1921 t. d. að því er varðar undanþágu, tryggingu o. fl. Er því lagt til, að lög þessi verði numin úr gildi. Að öðru leyti þarfnast frumvarp þetta ekki skýringa.